



## Aðalfundur Þekkingarsetursins Nýheima

Annar ársfundur Þekkingarsetursins Nýheima(Nþ) haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 17:00. Til fundarins var boðað með auglýsingu í Eystrahorni þann 16. og 22. apríl 2015

Formaður stjórnar setti fundinn, Albert Eymundsson var fundarstjóri og Nína Síbyl Birgisdóttir fundarritari. Nokkrar umræður spunnust en engin mótmæli bárust frá fundargestum.

Dagskrá fundarins:

### I. Skýrsla stjórnar

Ragnhildur Jónsdóttir, stjórnarformaður kynnti helstu upplýsingar úr skýrslu. Gerði hún einnig grein fyrir starfseminni innan þekkingarsetursins og helstu verkefnum.

Fyrsta verkefni Nþ var ráðning verkefnastjóra Nýheima sem tók til starfa 2. júní 2014. Helstu ábyrgðarsvið verkefnastjóra eru:

- Að efla innra starf í Nýheimum og vera talsmaður setursins
- Að vinna að stefnumótun og útfærslu á starfsemi þess
- Að styrkja tengsl við atvinnulíf og samfélag
- Að þróa samstarfsverkefni og styrkja tengsl við innlenda og erlenda aðila
- Að afla styrkja úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum
- Að annast fjármál og rekstur setursins

Starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands lagði niður starf ráðgjafa miðstöðvarinnar í Nýheimum 2014. Nú liggur fyrir hjá Nýsköpunarmiðstöð erindi þess efnis að forstöðumaður FabLab smiðjunnar og Vöruhússins, Vilhjálmur Magnússon, taki sæti Nýsköpunarmiðstöðvar í stjórn Nýheima.

Fundir stjórnar voru alls 28 á árinu.

Nþ slóst í óformlegan hóp þekkingarsetra á Íslandi til að vinna að sameiginlegum hagsmunum setranna.

Helstu verkefni Nþ á liðnu ári: Opposing Force, gerð Jöklaleiðar, þátttaka í samráðshópi um menntun og atvinnulíf á Suðurlandi, fyrirlestrar og heimsóknir.

Ragnhildur sagði í lokin að miðað við síðasta ár sé full ástæða til að líta bjartsýn fram á veginn því að í þekkingarsetrinu leynist mikill kraftur og mannaúður sem á eftir að vinna vel í þágu samfélagsins.

## **II. Kynntir ársreikningar**

Davíð Arnar Stefánsson, verkefnastjóri kynnti ársreikninga. Rekstrarreikningur, rekstrartekjur og opinber framlög. Davíð hnykkti á að framlög til Fræðslunets, símenntunar á Suðurlandi, samtals 5 milljónir á árinu, hafi verið einskiptis aðgerð og að ekki sé gert ráð fyrir að framhald verð á þeim greiðslum.

Stofnfé nemur 1.320.000.-, ráðstöfunarfé 3.798.881.-, fyrirfram innheimtar tekjur (styrkir) 4.486.156.- og handbært fé í árslok 10.230.313.-

Hrafnkell spurði um húsaleigu. Davíð svaraði á þá leið að sveitarfélagið hafi styrkti þekkingarsetrið með niðurfellingu á húsaleigu til NP á árinu.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

## **III. Starfsáætlun**

Davíð Arnar Stefánsson, verkefnastjóri, kynnti útdrátt úr starfsáætlun sem var send til ráðuneytisins.

Verkefni NP 2015; Opposing Force-Mótstöðuafli, Nýheimarannsókn, ráðstefnu/málþing um málefni ungmenna á landsbyggðinni, Mikligarður, uppbrygging útvistar og ferðaþjónustu-jöklaleið, hátíðarhöld v/100 ára kosningaafmælis kvenna á Íslandi, fornleifaskráning og rannsóknir, málþing um skapandi greinar, þróun náttúrustígs, Litli landvörðurinn, starfsþjólfun nemanda í FAS, NPA verkefni í tengslum við loftslagsmál og námsefnagerð, móttaka skólahópa ásamt fræðslustarfi og ráðstefnum sem tengjast starfssviðum setursins.

Davíð sagði að þrátt fyrir samþykktu starfsáætlun þyrfi NP að vera opið og sveigjanlegt fyrir hugmyndum og tækifærum sem koma upp. Hann sagði einnig að tilgangurinn væri ætíð sá sami: Að auka lífsgæði íbúa á Suðausturlandi.

## **IV. Nýir aðilar að Þekkingarsetrinu**

Ragnhildur Jónsdóttir, stjórnarformaður kynnti nýja aðila í NP.

Eyjólfur Guðmundsson mun taka við embætti formanns í vor. Árdís Erna Halldórsdóttir lætur af stjórn úr embætti gjaldkera. Fanney Björg Sveinsdóttir lætur af störfum sem ritari og tekur að sér embætti gjaldkera. Nína Síbyl mun taka að sér starf ritara og Helga Árnadóttir mun verða varaformaður.

## **V. Val í embætti**

Skipað var í embætti stjórnar til tveggja ára.

Formaður: Eyjólfur Guðmundsson

Varaformaður: Helga Árnadóttir  
Gjaldkeri: Fanney Björg Sveinsdóttir  
Ritari: Nína Síbyl Birgisdóttir

Samþykkt samhljóða.

**VI. Önnur mál.**

Vala Garðarsdóttir sagði að stjórn þyrfti að vera vel upplýst og móta ferlið betur þegar kemur að verkefnavali og kosningu á verkefnum.

Þorvarður Árnason þakkaði fráfarandi stjórn og Ragnhildi sérstaklega fyrir styrka leiðsögn.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 17:46



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Nína Síbyl Birgisd." The signature is written in a cursive style with a clear distinction between the first name and the last name.